

Námsáætlun fyrir íslensku - 10. bekkur skólaárið 2023 – 2024



Kennari: Björn Vilhelmsson

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku (3 kennslustundir í viku falla undir Bræðing)

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • flutt mál sitt skýrt og áheyrilega, • tekið virkan þátt í samvinnu og samræðum, tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær, • notað upplýsingar úr ýmsum miðlum sér til fróðleiks og skemmtunar, • átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi. 	<p>Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín.</p> <p>Nemendur fá þjálfun í hlustun og einnig er horft á kvikmyndir tengdar bókmenntum sem lesnar verða.</p> <p>Nemendur lesa upp ljóð og/eða stutta texta og fá leiðbeiningar um vandaðan upplestur.</p>	<p>Þátttaka í umræðum og tímavinnu.</p> <p>Stuttar ræður.</p>
Lestur og bókmenntir	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, sér til gagns og gamans, • greint og skilið aðal- og aukaatriði í margs konar texta og tengsl efnisatriða; og beitt mismunandi aðferðum við lestur, • lesið, túlkað, metið og fjallað um bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta, 	<p>Lesnar verða Kjalnesinga saga og Englar alheimsins. Farið verður í yfirlit íslenskra bókmenntasögu og stuðst við bókina Mér er í mun.</p> <p>Unnið verður með bókmenntahugtök og stílbrögð.</p> <p>Lesskilningur efldur með markvissum æfingum.</p> <p>Sögurnar tvær verða unnar í lotum í Bræðingi.</p>	<p>Verkefni, kannanir og ritgerðir úr bókmenntum.</p> <p>Lesskilningskannanir.</p> <p>Lesfimiþróf.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • beitt og skilið nokkur grunnhugtök í bókmenntafræði. 		
Ritun	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað skýrt og greinilega, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, • beitt reglum um réttiritun • valið og skrifað mismunandi textagerðir, notað helstu aðgerðir við ritvinnslu. Leitað og aflað sér heimilda og unnið með þær, t.d. úr gagnagrunnum o.fl. 	<p>Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær. Ritunaræfingar af ýmsum toga.</p>	<p>Ritunarverkefni. Stafsetningarverkefni og kannanir. Tímaritgerð. Heimildaritgerð</p>
Málfræði	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt helstu málfræðihugtökum, • valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun, • flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabókum og nýtt sér 	<p>Áhersla verður lögð á einkenni og hlutverk orðflokka, setningafræði, hljóðfræði og málnotkun.</p>	<p>Verkefni og málfræðikannanir.</p>

	<p>málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna,</p> <ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka. • notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt, • gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. • áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál og sífelldan breytileika þeirra. 		
<p>Námsgögn: Kjalnesinga saga,Englar alheimsins,Mér er í mun, Heimir, ljósritað efni (Orðhákur 1 og 2, Stafur á bók o.fl), ýmsar handbækur.</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C , D.</p>			